



Lúxemborg, 26. febrúar 2025

FRÉTTATILKYNNING 02/2025

Dómur í máli E-14/24 *Elmatica AS* gegn *Confidee AS* og *Vidar Olsen*

AÐGANGUR AÐ SÖNNUNARGÖGNUM Í DEILUM UM VIÐSKIPTALEYNDARMÁL

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Hæstarétti Noregs (*Norges Høyesterett*) varðandi túlkun á tilskipuninni um viðskiptaleyndarmál¹ („tilskipunin“). Í málinu sem er til meðferðar hjá Hæstarétti Noregs krefst *Elmatica AS* bóta vegna meintrar notkunar stefndu, *Confidee AS* og *Vidar Olsen*, á viðskiptaleyndarmálum við stofnun fyrirtækis sem er í beinni samkeppni. Í meginatriðum spurði Hæstiréttur Noregs að því hvort tilskipunin krefðist þess að landsdómstólar framkvæmi hagsmunamat áður en veittur er aðgangur að sönnunargögnum sem og hvort þeir þurfi að afla og leggja fram öll sönnunargögn sem kunna að innihalda viðskiptaleyndarmál.

EFTA-dómstóllinn taldi að tilskipunin kveði ekki sérstaklega á um hvernig meðhöndla eigi deilur um aðgang að sönnunargögnum í málum þar sem handhafi viðskiptaleyndarmáls telur að brotið hafi verið á rétti hans. Af því leiðir, þegar engum EES-reglum er til að dreifa, að það er hlutverk réttarkerfis hvers og eins EES-ríkis að útfæra málsmeðferðarreglur í samræmi við almennar meginreglur EES-réttar eins og réttinn til verndar viðskiptaleyndarmála sem og réttinn til skilvirkar réttarverndar.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í ágreiningsmálum um þann trúnað sem gildir um viðskiptaleyndarmál leiðir af EES-rétti að landsdómstólar vegi og meti viðkomandi hagsmuni í hverju einstöku tilviki og finni jafnvægi milli kröfunnar um skilvirka réttarvernd og verndar viðskiptaupplýsinga, þar með talið viðskiptaleyndarmála. Þetta leggur þó ekki þá skyldu á herðar landsdómstóla í slíkum málum að afla ávallt allra þeirra sönnunargagna sem deilt er um til að framkvæma hagsmunamatið. Það nægir að landsdómstólar geti ákveðið að afla og rannsaka umrædd sönnunargögn telji þeir ástæðu til að fram fari mat á því hvort leggja eigi sönnunargögnin fram. Slíku mati verður að beita í samræmi við almennar meginreglur EES-réttar, einkum réttarins til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til skilvirkar réttarverndar.

Mál þetta mun nú fara aftur fyrir Hæstarétt Noregs sem mun dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: eftacourt.int/cases/e-14-24/

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögumtri öflun, notkun og birtingu þeirra.